

Nd.

416. Breytingartillögur

[144. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Við 1. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist þannig:

Fjárhæð, sem nemur $\frac{3}{4}$ úr söluskattsstigi skal varið til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, sem hér segir:

b. Síðasta málsgrein greinarinnar orðist þannig:

Viðskiptaráðuneytið ákveður fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af heildartekjum samkvæmt þessari grein.